

168. fundur Héraðsráðs Árnessýslu, haldinn í Hveragerði 07. sept. 2010, kl 9:00.

Mætt voru:

Gunnar Þorgeirsson, formaður

Aldís Hafsteinsdóttir, varaformaður

Ari B Thorarensen, ritari

1. Leiðrétta þarf fundargerð 167 fundar þar sem kemur fram að Eypór H. Ólafsson sé í fjárhagsnefnd en hið rétta er að það á að vera Eypór Arnalds.

2. Kynntur samningur sem formaður skrifaði undir fyrir hönd héraðsnefndar um stækkun á verknámshúsi við Fjölbautaskóla Suðurlands.

3. Samstarfsamningar Listasafns Árnesinga við Hveragerðisbæ og samningur Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar lagðir fram.

4. Haustfundur Héraðsnefndar Árnessýslu verður haldinn þann 5. nóvember að Gömlu Borg í Grímsnesi.

Önnur mál:

A. Heimasíða. Rætt um framgang hennar. Gunnar tekur að sér að skoða málið

B. Svör við fyrirspurnum frá Lýði Pálssyni.

- Erindisbréf verða óbreytt þar til að annað verði ákveðið.
- Fulltrúi í starfsnefnd um jarðskjálftabætur og viðgerð á þjónustuhúsi að Hafnarbrú 3. Héraðsráð samþykkir að Ari B Thorarensen verði fulltrúi Héraðsnefndar.

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.10.35.

Ari B. Thorarensen ritari